

29. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Flóaskóla 26. janúar 2011.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson

Guðmundur Jón Sigurðsson

Kristín Sigurðardóttir

Elín Höskuldsdóttir

Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð

Einnig mætti Gestur Már Práinsson frá Smíðanda.

Nefndin kom saman til að fara yfir ýmsa þætti varðandi frágang nýbyggingar Flóaskóla.

Gólfefni: Samkvæmt rakamælingum sem gerðar voru í lok nóvember vantar herslumun á að gólfplötur séu nægilega þurrar. Stefnt er að því að gerð verði rakamæling aftur í febrúar.

Felliveggir: Gestur lætur stilla þá af þannig að þeir lokist betur. Ekki er búið að ganga frá felliveggjum endanlega með festingum vegna þess að gólfefni vantar. Þegar búið er að ganga endanlega frá veggnum þarf að mæla hljóðbærni til að fullvíst sé að hann fullnægji kröfum um hljóðbærni. Stefnt er að því að dúkleggja þær stofur sem felliveggir eru í sem fyrst til að unnt sé að ganga frá veggjunum og mæla hljóðbærnina.

Gólf í anddyri: Gestur lætur hallamæla gólf í anddyri og koma í framhaldi af því með tillögu um lausn.

Vatnsrör í kross: Gestur hefur samband við pípulagningamann og metur hvað best er að gera.

Handrið: Nefndin felur Guðmundi að fá tilboð í verð á lista fyrir glerhandrið.

Hurð á milli eldri og nýja inngangs: Gestur lætur lagfæra.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

